

AÐALFUNDARBOÐ

Aðalfundur KFH verður mánudaginn **27. október kl. 16:15** að Háaleitisbraut 58-60.

Athugið breyttan fundartíma á aðalfundi.

Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf. Hugvekju flytur sr. Guðlaug Helga Ásgeirsdóttir, sjúkrahúsprestur og formaður KFH. Að loknum aðalfundarstörfum verður boðið upp á súpu og brauð á heimili sr. Péturs Þorsteinssonar. Hagamel 50, 107 Reykjavík. Félagsfólk hvatt til að fjölmenna á aðalfundinn.

Félagsfundir KFH veturinn 2014-2015

að Háaleitisbraut 58-60 kl. 17:00 – 19:00.

Súpa og brauð í lok funda.

Umfjöllunarefni í vetur: Rannsóknir í þágu klínískrar þjónustu.

Mánudagur 24. Nóvember 2014. Upphafsorð og bæn: Herdís Ástráðsdóttir, hjúkrunarfræðingur. Gagnreynd þekking og gildi hennar í klínísku starfi.

Erindi: Dr. Hrunn Sch. Þorsteinsson, hjúkrunarfræðingur. Hugvekju flytur sr. Valgeir Ástráðsson. Gleðisveitin sér um tónlistarflutning.

Mánudagur 26. Janúar 2015. Upphafsorð og bæn: Guðný Valgeirsdóttir, hjúkrunarfræðingur. Líknarþjónusta og sál-gæsla. Erindi: Dr. Guðlaug Helga Ásgeirsdóttir, sjúkrahúsprestur. Hugvekju flytur Björg Þórhallsdóttir, hjúkrunarfræðingur og söngkona. Tónlistarflutning annast Björg Þórhallsdóttir og Hilmar Örn Agnarsson, organisti.

Mánudagur 23. Febrúar 2015. Upphafsorð og bæn: Bergþóra Baldursdóttir, sjúkrapjálfari. Gæði þjónustu við aldraða og andleg líðan þeirra. Erindi: Dr. Ingibjörg Hjaltadóttir, sérfræðingur í öldrunarhjúkrun. Hugvekju flytur sr. Kjartan Örn Sigurbjörnsson, sjúkrahúsprestur.

Mánudagur 23. Mars 2015. Upphafsorð og bæn: Álfheiður Árnadóttir, hjúkrunarfræðingur. Samtal um dauða og sorg: Frá hlið íslenskra karlmannna. Erindi: Dr. Bragi Skúlason, sjúkrahúsprestur. Hugvekju flytur Fjóla Haraldsdóttir, djákni, Mörk hjúkrunarheimili.

Mánudagur 27. Apríl 2015. Upphafsorð og bæn: Jón Jóhannsson, djákni. Pílagrímaganga á Jakobsvegi. Erindi: Egill Friðleifsson, tónlistarkennari og kórstjóri. Hugvekju flytur Herdís Gunnarsdóttir, forstjóri Heilbrigðisstofnunar Suðurlands.

Stjórn KFH haustið 2014

Guðlaug Helga Ásgeirsdóttir, formaður, guðlaughelga@kfh.is

Anna Ólafía Sigurðardóttir, varaformaður, annaolafia@kfh.is

Álfheiður Árnadóttir, ritari, alfheidur@kfh.is

Bergþóra Baldursdóttir, gjaldkeri, bergthora@kfh.is, Jón Jóhannsson, vararitari, Bylgja Kærnested, meðstjórnandi, Guðný Valgeirsdóttir, meðstjórnandi

Kristilegt félag heilbrigðisstétta



Fréttir

Október 2014

Áb: séra Guðlaug Helga Ásgeirsdóttir

*Þitt orð er lampi fóta minna og ljós á vegi mínum.
Sálm. 119, v. 105*

Tímarit Kristilegs félags heilbrigðisstétta

Tímarit félagsins verður gefið út á árinu 2014. Stjórnin hvetur félagsfólk til að taka að sér að dreifa tímaritinu á heilbrigðisstofnanir. Upplýsingar gefa eftirtaldir aðilar í ritstjórn tímaritsins: Helga Bragadóttir, helgabra@hi.is, Sigrún Gunnarsdóttir, sigrungu@bifrost.is og Birna Gerður Jónsdóttir, birnagj@landspitali.is.

Bænastundir KFH

Bænahópur Kristilegs félags heilbrigðisstétta heldur utan um bænastundir félagsins, sem haldnar eru á heimilum félagsfólks á þriðjudögum kl. 17:00. Margrét Hróbjartsdóttir, hs. 587- 6788, gefur upplýsingar um staðsetningu bænastundanna og tekur við fyrirbænaefnum. Stjórn félagsins þakkar bænahópi fyrir trúfast starf um áratuga skeið og biður starfinu allrar Guðs blessunar.

Jóla kort og alhliða tækifæriskort KFH

Kristilegt félag heilbrigðisstétta gefur um þessar mundir út tvær nýjar tegundir af kortum, annað er jóla kort, hitt alhliða tækifæriskort.

Ljósmyndir sem prýða framhlið kortanna eru teknar af listamanninum Kristjáni Frímanni Kristjánssyni. Ágóði af sölu þeirra rennur til Styrktarsjóðs KFH.

Kaupa má kort á félagsfundum og panta á heimasíðunni: www.kfh.is

Hefur þú hug á að styrkja starf KFH?

Styrktarsjóður KFH sem stofnaður var í minningu Vigdísar Magnúsdóttur, styrkir þau málefni sem eru í anda félagsins og í samræmi við lög þess. Markmið félagsins hefur jafnan verið að styðja og efla andlega og trúarlega þjónustu, sálgæslu innan heilbrigðisþjónustunnar og að stuðla að fræðslu fyrir heilbrigðisstarfsfólk um málefni er varða andlegar og trúarlegar þarfir manneskjunnar. Leggja má bein framlög inn á Styrktarsjóðinn. Reikningsnúmer: 0301-13-300201. Kt: 6602820769. Vinsamlega merkið: „almennur styrkur“.

Frá formanni

Kæru félagsystkin!

Það ríkir alltaf jafn mikil eftirvænting í huga mér þegar stjórnin sendir frá sér fréttabréf með vetrardagskrá félagsins. Þá hugsa ég til allra góðu og innihaldsríku stundanna sem við höfum átt saman í gegnum tíðina og hlakka til að sjá ykkur aftur eftir sumartímann. Eftirvæntingin er tengd því að hitta góðar vinkonur og dýrmæta vini, heyra hvað á dagana hefur drifið og skapa enn á ný innihaldsríkar samverustundir.

Kristilegt félag heilbrigðisstétta (KFH) er í mínum huga einstakt félag, sem hefur að geyma mikinn mannauð. Fólk úr ýmsum heilbrigðisstéttum kemur saman til þess að biðja fyrir heilbrigðisþjónustunni í landinu og fræðast um mismunandi málefni. Á fundum okkar og samverustundum sameinumst við í okkar kristnu trú og felum okkur sjálf, líf okkar og starf, já þjónustu alla í Guðs hendur og biðjum hann um leiðsögn og kraft til daglegra verka.

Við vinnslu dagskrár vetrarins sem er kynnt í fréttabréfinu lagðist stjórn KFH í mikla hugmyndavinnu nú sem endranær. Markmiðið er alltaf að boðið sé upp á dagskrá sem höfði til sem flestra og að við getum hvert og eitt fundið eitthvað við okkar hæfi, einnig með það fyrir augum að við getum boðið með okkur gestum til að njóta. Dagskráin í vetur beinist að því að við fræðumst um rannsóknir sem tengjast heilbrigðisþjónustunni og hafa verið unnar af fólki sem starfar innan hennar. Þessar rannsóknir hafa allar klínískt gildi og gefa okkur því aukið innsæi og þekkingu sem getur nýst okkur í starfi. Fundirnir okkar eru byggðir þannig upp að við fáum bæði andlega og líkamlega næringu. Það skiptir ekki síður máli að geta setið saman yfir léttum kvöldverði, rætt saman og skipst á skoðunum og farið yfir málefni líðandi stundar. Stjórnin leggur mikla áherslu á að KFH er staður þar sem við gefum hvert öðru tíma, hlúum að okkur og eigum samfélag saman.

Ég þakka Guði fyrir ykkur hvert og eitt og hlakka til að sjá ykkur í vetur.

Verið ávallt Guði falin.

Fyrir hönd stjórnar KFH,

Guðlaug Helga Ásgeirsdóttir, formaður.